

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hreinsun, söfnun og förgun úrgangs, frá heimilum og orlofshúsum í Ísafjarðarbæ og skal meðhöndlun úrgangsins vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ísafjarðarbær annast söfnun sorps (heimilisúrgangs) frá íbúðarhúsnæði í þéttbýli sveitarfélagsins. Bærinn annast einnig söfnun sorps frá íbúðarhúsnæði í dreifbýli þar sem búið er allt árið um kring, með þeirri takmörkun þó að ekki sé lengra en sjö kílómetrar frá aðalbraut að því íbúðarhúsnæði sem hirða á sorp frá. Þar sem ekki er búið allt árið um kring og þar sem vegalengd frá aðalbraut að bæ er lengri en sjö kílómetrar er sorpi safnað frá gámastöðvum.

Bæjarstjórn og umhverfisnefnd bera ábyrgð á úrgangsmálum fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunarstöðva og móttökustöðvar sem og flokkun og förgun úrgangs. Hver sá sem tekur verkefnið að sér skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis eða Umhverfisstofnun, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka magn úrgangs sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

3. gr.

Skipulag og meðferð úrgangs.

Sorphreinsun og förgun skal framkvæmd undir stjórn tæknideildar Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær, í samráði við framkvæmdaraðila/verktaka, ber ábyrgð á að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum, opnum svæðum eða fjörum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almenntri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Óheimilt er að geyma skráningar-skyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Brjótí húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það til umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í umsjá heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis.

4. gr.

Söfnun á heimilisúrgangi.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana í Ísafjarðarbæ er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Ísafjarðarbær leggur heimilum til sorpilát fyrir tilteknar tegundir úrgangs. Ílátin skulu þannig gerð að auðvelt verði að flokka úrgang í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

Í dreifbýli er heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp ílát fyrir úrgang í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning íláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

5. gr.

Flokkun og frágangur.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilisúrgang. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., skal skilað á viðurkenndar móttöku- og flokkunarstöðvar (losunarstaði). Umhverfis- og framkvæmdanefnd er heimilt, í sérstökum tilvikum, að stilla tímabundið upp gámum fyrir slíkan úrgang, t.d. í tengslum við átak í umhverfismálum.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

6. gr.

Sorpgeymslur.

Ganga skal þannig frá ílátum fyrir úrgang og sorpgeymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Sorpílát skulu fest með búnaði sem sorphirðumenn eiga auðvelt með að losa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu þar sem því verður við komið staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Sorpílát skulu ekki vera fleiri en þurfa þykir. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Söfnunarstöðvar og móttökustöð.

Söfnunar- og móttökustöðvar sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettar á aðgengilegum stöðum.

Á söfnunarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar þ.m.t. endurvinnslu frá heimilum.

Móttökustöð tekur á móti flokkuðum úrgangi samkvæmt gjaldskrá Ísafjarðarbæjar og/eða verktaka sem Ísafjarðarbær hefur samið við, hverju sinni.

8. gr.

Hreinsun.

Sorphreinsun almenns heimilisúrgangs fer fram reglulega.

Bæjarstjórn eða verktaki gefur út og birtir upplýsingar um hversu oft sorphreinsun fer fram. Ákvörðun um tíðni sorphreinsunar skal tekin í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaradila/verktaka. Breytingar skulu kynntar bæjarbúum með hæfilegum fyrirvara.

9. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna. Gjöldin skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003

um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum í samræmi við 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998.

Gjöld fyrir hirðu og förgun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

10. gr.

Álagningarforsendur.

Allt íbúðarhæft íbúðarhúsnæði í þéttbýli og íbúðarhæft íbúðarhúsnæði með heilsársbúsetu í dreifbýli þar sem ekki er lengra en sjö kílómetrar frá aðalbraut að íbúðarhúsnæði ber sorphreinsunar- og sorpförgunargjald. Annað íbúðarhæft íbúðarhúsnæði í dreifbýli ber aðeins sorpförgunargjald.

Fyrir öll orlofshús í Ísafjarðarbæ skal greiða 50% af sorpförgunargjaldi. Fyrir íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu skal greiða 50% af sorpförgunargjaldi.

11. gr.

Kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til verktaka. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn þá getur hann haft samband við Ísafjarðarbæ eða heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

12. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

13. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi samþykkt um sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 1221/2011.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. febrúar 2019.

F. h. r.

Steinunn Elna Eyjólfsdóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.